



## Almennar nefndir hjá FFA og hlutverk þeirra:

### Hlutverk formanna nefnda hjá FFA:

Bera ábyrgð á starfi nefndarinnar. Kalla nefndarfólk saman eftir þörfum og verkefnum nefndarinnar. Halda nefndarmönnum og stjórn FFA upplýstum um allt sem snýr að starfi nefndarinnar.

#### 1. Ferðanefnd:

Gerir árlega ferðaáætlun fyrir FFA og fær fararstjóra í þær ferðir. Heldur utan um ferðirnar yfir árið. Sér um gönguleikinn þaulann.

#### 2. Nefnd um barna- og fjölskyldustarf:

Gerir ferðaáætlun fyrir barna- og fjölskylduferðir FFA og fær fararstjóra í þær ferðir. Heldur utan um ferðirnar yfir árið. Skipuleggur Krakkaþaulann í samstarfi við ferðanefnd.

#### 3. Hreyfihópanefnd:

Vinnur að því að finna verkefni fyrir hreyfihópa og fá fararstjóra til að taka þau verkefni að sér. Sér um að auglýsa verkefnin og halda utan um þau.

#### 4. Gönguleiðanefnd:

Aðalhlutverk nefndarinnar er að stika gönguleiðir og halda þeim við. Finna nýjar gönguleiðir og sjá til þess að þær séu greiðfærar. Brúarsmíði og lagning mýrarbrúa þegar og þar sem við á.

#### 5. Félaga- og kynningarnefnd:

Hefur yfirsýn yfir samfélagsmiðla þar sem upplýsingar um FFA eru auk heimasíðu og facebook FFA. Vinnur ýmsa hugmyndavinnu til að fjölga félögum og þróa félagið. Vinnur með öðrum nefndum að því að efla félagið.

#### 6. Viðburðanefnd:

Aðalhlutverk nefndarinnar er að halda úti Opnu húsi.

#### 7. Ritnefnd:

Ritstýrir og gefur út tímariti Ferðir sem kemur út árlega.

#### 8. Laganefnd:

Nefndin er stjórn félagsins til ráðgjafar.

Febrúar 2024